

Hrunamannahreppur  
Akurgerði 6  
845 Flúðir

Reykjavík, 13. júní 2024  
UST202405-098/A.B.  
10.04.03

## Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Brúarhlöð - Hrunamannahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 10. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulag fyrir þjónustusvæðis við Brúarhlöð.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir þjónustuhúsi, á einni hæð. Stærð hússins getur verið allt að 280 m<sup>2</sup> þar sem heimilt er að vera með veitingar, ýmis konar þjónustu, upplýsingar og snyrtingar. Auk þess tekur tillagan til bílastæðis, fljótandi göngustíga, útsýnis- og áningarstaða og þjónustuhús þar sem verður m.a. veitingasala, gisting, upplýsingar og snyrtiaðstaða.

### Brúarhlöð

Umhverfisstofnun telur það jákvætt að hugað sé að uppbyggingu og lagfæringu á stígum á svæðinu sem er á náttúruminjaskrá, þar sem verndargildi svæðisins er landslag og ásýnd.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Brúarhlöð og er númer 736 sem aðrar náttúruminjar. Svæðinu er lýst sem tilkomumiklu gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.

Að mati Umhverfisstofnunar getur burðarvirkið orðið mjög áberandi og umfangsmikið undir slíka fljótandi palla (og væntanlega kostnaðarsamt) með tilheyrandi bergfestingum í klettatöngum, miðað við sniðmyndina í tillögnum.

Að mati Umhverfisstofnunar munu því fljótandi stígar út í kletthólmanna valda óafturkræfi raski á klettunum, raska verndargildi svæðisins sem er landslag, ásýnd og gróður og hafa neikvæð áhrif á það.

Þó svo að lagðar séu til mótvægisáðgerðir eins og reyna að fella stíginn að landi og halda raski í lágmarki mun tillagan hafa neikvæð áhrif og rýra verndargildi svæðisins.

Umhverfisstofnun telur því nauðsynlegt að metnir séu fleiri valkostir, m.a. að beina ferðamönnum um núverandi uppbyggða og lagfræða stíga og áningarstaði. Að mati Umhverfisstofnunar munu lágstemmdur göngustígur suður fyrir svæðið hafa minni umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

***sérfræðingur***

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

***teymisstjóri***